

Starfsreglur Alþjóðanefndar LUF

Hlutverk Alþjóðanefndar er að tryggja að LUF standi við allar skuldbindingar sínar í erlendu samstarfi og fullnýti þau tækifæri sem alþjóðastarf felst í eins og kostur er. Alþjóðanefnd starfar á grundvelli reglugerðar þessarar.

1. Alþjóðanefnd samanstendur af kjörnum fulltrúum leiðtogaráðs og sendinefnd LUF hjá Sameinuðu þjóðunum.
2. Fjórir fulltrúar leiðtogaráðs eru kjörnir á fyrsta leiðtogaráðsfundi hvers árs. Einungis fulltrúar í ráðinu eru kjörgengnir. Fulltrúar úr leiðtogaráði sitja í umboði aðildarfélaga sinna. Hafa þeir rétt til að kalla til staðgengil úr sínu aðildarfélagi geti þeir ekki sótt fund alþjóðanefndar LUF.
3. Sendinefnd LUF hjá Sameinuðu þjóðunum (SP) er starfshópur LUF um málefni ungs fólks hjá SP. Sendinefndin samanstendur af lýðræðislega kjörnum ungmennafulltrúum Íslands hjá SP. Nefndin er vinnuhópur, ráðgjafaráð, upplýsingaveita og brú á milli LUF og samstarfsaðila, þ.e. Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og sendandi ráðuneyta.
 - 3.1. Markmið sendinefndar LUF hjá SP er að vekja athygli á málefnum ungmenna á Íslandi og tala fyrir sameiginlegum gildum og hagsmunum innan stofnana SP. Einnig skal sendinefndin miðla upplýsingum og þekkingu af störfum sínum með markvissum hætti til LUF og samstarfsaðila og tala fyrir mikilvægum áherslum SP hér á landi.
 - 3.2. Ungmennafulltrúar hjá SP eru skipaðir til eins árs í senn eftir málefnasviðum, þ.e. á sviði mannréttinda sem sækir allsherjarþing SP (UN General Assembly), á sviði loftslagsmála sem sækir loftslagsráðstefnuna (UNFCCC Conference of the Parties, COP), á sviði sjálfbærrar þróunar sem sækir ráðherrafund SP (High Level Political Forum, HLPF), á sviði menntamála sem sækir m.a. aðalþing UNESCO (General Conference of UNESCO) og á sviði stefnumótunar sem sækir ungmennavettvang efnahags- og félagsmálaráðsins (ECOSOC Youth Forum). Fulltrúarnir geta einnig sótt aðra viðeigandi viðburði innan þeirra sérsviðs, t.d. sem lið í undirbúningi fyrir stærri viðburði eða til að miðla þekkingu og reynslu.
 - 3.3. Til að tryggja að sem mest þekking skapist af starfi sendinefndar LUF sitja Ungmennafulltrúar hjá SP í henni tvö ár hið minnsta, síðara árið sem fráfarandi Ungmennafulltrúi þegar nýr hefur verið kjörinn, og skulu þeir miðla þekkingu og reynslu til nýrra fulltrúa á seinna árinu.
 - 3.4. Aðildarfélög LUF kjósa Ungmennafulltrúa Íslands hjá SP á hverju sérsviði til eins árs í senn á sambandsþingi LUF. Kjörgengi er bundið við tilnefningu/umboð frá aðildarfélagi LUF og eftirfarandi hæfniskröfum:
 - Vera á aldrinum 18 (þegar viðburður sem fulltrúi sækir hefst) – 25 ára (þegar kjör fer fram).
 - Hafa þekkingu á viðeigandi málaflokki.
 - Hafa reynslu af hagsmunastarfi ungmennafélaga.

- Búa yfir leiðtogahæfni og frumkvæði.
 - Hafa vald á íslensku og ensku í ræðu og riti.
 - Viðeigandi menntun sem nýtist í embætti / þekking á Sameinuðu þjóðunum er kostur.
- 3.5. Svo frambjóðandi teljist kjörinn þarf hann að hljóta meirihluta atkvæða í kosningu. Ef enginn frambjóðandi fær meirihluta í kosningu skal kjósa aftur á milli þeirra fulltrúa sem flest og næstflest atkvæði fá í fyrstu umferð þar til meirihluti atkvæða stendur að baki einum frambjóðanda. Telst hann þá réttkjörinn Ungmennafulltrúi Íslands hjá SP.
 - 3.6. Sá sem næstflest atkvæði hlýtur í kjöri til Ungmennafulltrúa skal vera varafulltrúi þess fulltrúa sem nær kjöri. Ungmennafulltrúi hjá SP hefur rétt til að kalla til varamann komi upp óviðráðanlegar aðstæður, veikindi o.þ.h., á skipunartíma Ungmennafulltrúans.
 - 3.7. Varafulltrúi Ungmennafulltrúa hjá SP hefur seturétt, málfrelsi og tillögurétt á fundum alþjóðanefndar LUF. Skal gæta þess að varafulltrúar fái boð á fundi og að þeim sé veittur aðgangur að upplýsingum og gögnum jafnt við aðra nefndarmenn.
4. Alþjóðafulltrúi stjórnar er formaður nefndarinnar og tengiliður hennar við stjórn.
 5. Alþjóðanefnd starfar í umboði LUF og sinnir þeim verkefnum sem henni eru falin af bæði leiðtogaáði og stjórn.
 6. Leitað er til alþjóðanefndar um samráð, ráðgjöf, aðstoð og upplýsingagjöf tengdu alþjóðlegu samstarfi LUF.
 7. Stjórn LUF getur falið alþjóðanefnd að tilnefna fulltrúa á ráðstefnur, í alþjóðlegar nefndir, ráð og sérfræðihópa þegar við á. Skal Alþjóðanefnd óska eftir tilnefningum frá aðildarfélögum þegar svo ber undir. Stjórn skal þó tilnefna fulltrúa úr sínum röðum á eftirfarandi viðburði:
 - 7.1. Fundi aðildarfélaga European Youth Forum (YFJ)
 - 7.2. Fundi sem tengjast þátttöku LUF í Nordic-Baltic Cooperation (NBC)
 8. Stefnt er að nefndarfundum ársfjórðungslega.
 9. Þegar leitað er eftir stefnumótun frá LUF á alþjóðavettvangi skal alþjóðanefnd leiða þá vinnu. Lokadrög skulu samþykkt af stjórn LUF.
 10. Ef LUF heldur alþjóðlega ráðstefnu, eða tekur þátt í skipulagningu slíks viðburðar hér á Íslandi, skal alþjóðanefnd aðstoða við undirbúning og utanumhald.
 11. Fulltrúar LUF á aðalfundum, fulltrúaráðsfundum, viðburðum og öðrum fundum alþjóðasamtaka, sem LUF á aðild að, skila skýrslu frá fundunum. Þar skulu koma fram helstu ákvarðanir, umræður, dagskrárliðir, lagabreytingar, viðburðir o.þ.h. Fylla skal út skýrsluform LUF.
 12. Fulltrúar LUF erlendis skulu halda utan um afrit af öllum ferðagögnum og sjá til þess að koma þeim til starfsmanna sem fylla út eyðublað til endurgreiðslu.
 13. Fulltrúar fylla út eyðublað með endurgreiðslubeiðni til LUF vegna ferðakostnaðar sem þeir leggja út fyrir.

Samþykkt á sambandsþingi LUF 29. febrúar 2020